

AUGLÝSING

um deiliskipulag Breiðholts - hesthúsahverfis, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag Breiðholts - hesthúsahverfis. Tillagan felur m.a. í sér nokkrar breytingar á lóðarmörkum og aðkomu að lóðum, auk aðgerða til úrbóta í umhverfis- og umferðarmálum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri skipulagsuppdrættir frá árunum 1978 - 1979.

Akureyri 11. júní 2001,

F.h. Akureyrarbæjar,

Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri.

8. júní 2001

Nr. 468

GJALDSKRÁ

fyrir athugun á útboðslýsingu í almennu útboði verðbréfa.

1. gr.

Fyrir athugun á útboðslýsingu vegna almenns útboðs verðbréfa, sbr. IV. kafla laga nr. 13/1996 um verðbréfavíðskipti, skal greiða þóknun samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. 4. mgr. 28. gr. laga nr. 13/1996.

2. gr.

Fyrir athugun á útboðslýsingu skal greiða tímagjald sem nemur kr. 6.000.

3. gr.

Að lokinni athugun og gegn greiðslu kostnaðar afhendist verkbeiðanda útboðslýsing ásamt staðfestingu.

Sé hætt við útboð eftir að athugun á útboðslýsingu er hafin, greiðir verkbeiðandi áfallinn kostnað samkvæmt reikningi.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af stjórn Fjármálaeftirlitsins, sbr. 4. mgr. 28. gr. laga nr. 13/1996, öðlast gildi við birtingu.

Fjármálaeftirlitinu, 8. júní 2001.

Páll Gunnar Pálsson

Ragnar Hafliðason